

Nesbúegg ehf.
Vatnleysuströnd
190Vogar

Reykjavík 14. júní 2019
UST201905-342/F.T.
08.03

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 28. maí sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Nesbúegg ehf. vegna vanskila á grænu bókhaldi, sbr. reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávika til 11. júní sl. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 28. júní nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400 kr.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á frigg@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Virðingarfyllt



Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur